

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – júlí 2023

Skráð atvinnuleysi í júlí var 2,8%

Skráð atvinnuleysi í júlí var 2,8% og minnkaði úr 2,9% í júní. Í júlí 2022 var atvinnuleysið hins vegar 3,4%.

Að meðaltali voru 5.709 atvinnulausir í júlí, 3.090 karlar og 2.619 konur. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 124 frá júní.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júlí eða 3,8% og stóð það í stað frá júní.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 0,6%, á Austurlandi 0,9% og 1,7% á bæði Vestfjörðum og Vesturlandi.

Alls komu inn 199 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júlí.


Alls voru 2.889 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok júlí og fækkaði um 91 frá júní.

Í júlí voru 156 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og sex einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Í júlí 2023 gaf Vinnumálastofnun út 172 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 142 á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni lítið breytast í ágúst og gæti orðið á bilinu 2,7% til 2,9%.

Próun atvinnuleysis frá júlí 2021 til júlí 2023




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júlí eða 3,8% og stóð í stað frá júní. Næst mest var atvinnuleysið 3,2% á höfuðborgarsvæðinu í júlí og minnkaði úr 3,3% í júní. Atvinnuleysi var 2,2% á landsbyggðinni í júní og stóð það í stað frá júní. Á flestum stöðum á landsbyggðinni stóð atvinnuleysi í stað frá júní nema á Austurlandi og Vesturlandi þar sem það minnkaði lítillega.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 0,6%, á Austurlandi 0,9% og 1,7% á bæði Vestfjörðum og Vesturlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í júní og júlí.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal kvenna en karla á tveimur svæðum, það er á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 0,8% og 0,4% meðal kvenna og á Vesturlandi þar sem atvinnuleysi karla var 1,8% og 1,6% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í júlí.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 6.020 í lok júlí, 3.216 karlar og 2.804 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 61 frá júnílokum en atvinnulausum konum fækkaði um 25.

Alls voru 535 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok júlí og fjölgaði um einn frá júní.

Alls höfðu 1.239 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júlí 2023 og fækkaði um 78 frá júní. Í júlí 2022 var fjöldi þeirra hins vegar 2.246 og nemur fækkunin 1.007 á milli ára.



Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.452 í júlí síðastliðnum en voru 1.781 í júlí 2022.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði lítillega í lok júlí í flestum atvinnugreinum frá lokum júní. Mest var fækkun atvinnulausra í veitingaþjónustu og ferðaþjónustu, þ.e. farþegaflutningum, gistiþjónustu og ýmissi ferðaþjónustu. Atvinnulausum fjölgaði mest í opinberri þjónustu þ.e. fræðslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.287 sem er um 45% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok júlí 2023




Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í júlí 2023 gaf Vinnumálastofnun út 172 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 142 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum var 81 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 91 leyfi var framlengt.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 2.889 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok júlí og fækkaði um 91 frá júní. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 48% í lok júlí.




Flestir sem fengu útgafið atvinnuleyfi í júlí, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðiþekkingar eða 63 leyfi. Þá voru gefin út 44 námsmannaleyfi og 24 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í júlí voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 38%, 28% vegna þjónustustarfa og 17% vegna starfa verkafólks. Um 16% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í júlí 2023



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, júlí 2023



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 52 erlent þjónustufyrirtæki starfandi í júlí 2023 með samtals 359 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 692 í júlí á vegum 22 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 44%, 19% frá Litháen og eins 19% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 18% starfsmanna komu frá 16 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í júlí 2023 var gefið út 91 slíkt vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 55 einstaklingar, átta fóru til Tékklands og fimm fóru til bæði Litháen og og Danmerkur. Þá voru gefin út 18 vottorð til viðbótar til níu annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun í júlí

Alls komu inn 199 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júlí. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 118 störf, önnur teljast almenn störf. Um það bil 67% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 9% á Suðurlandi og eins 9% á Norðurlandi eystra. Þá eru 15% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í júlí 2023



Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og nýsköpun og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í júlí voru 156 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og sex einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 105 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum ítarlega brotið niður eftir bakgrunnspáttum.